

LÖG

**um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra,
alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari breytingum,
og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra,
alþingismanna og hæstaréttardómara.**

1. gr.

Lög nr. 141/2003, um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sbr. lög nr. 169/2008 um breytingu á lögum nr. 141/2003, falla úr gildi.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu ákvæði laga nr. 141/2003 halda gildi sínu gagnvart hæstaréttardómurum sem skipaðir hafa verið í Hæstarétt fyrir gildistöku laga þessara sem og núverandi forseta Íslands.

3. gr.

Nú hefur maður öðlast eftirlaunarátt samkvæmt lögum nr. 141/2003 og heldur hann þá þegar áunnum réttindum.

Nú gegnir sá sem fær greidd eftirlaun samkvæmt lögum nr. 141/2003, eða samkvæmt eldri lögum er giltu um eftirlaun alþingismanna og ráðherra fyrir 30. desember 2003, starfi á vegum ríkisins, stofnana þess eða félaga í meirihlutaeigu þess, og koma þá launagreiðslur fyrir það starf að fullu til frádráttar eftirlaunum.

Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaráttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

Nr. 12

11. mars 2009

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur nýr málslíður sem hljóðar svo: Ákvæði 1. málsl. á jafnframt við um forseta Íslands, ráðherra og alþingismenn.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 25. apríl 2009.

Gjört á Bessastöðum, 11. mars 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

A-deild – Útgáfud.: 13. mars 2009